— *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* uppeldisstyrk. — Samkvæmt allraþegnlegustu tillögum ráðgjafans að meðteknuþóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 29. apríl þ. á., hefir hans hátign konunginum 28. f. m. þóknazt: að veita Sigurði Thoroddsen Jónssyni heitins sýslumanns Thoroddsens, 200 kr. árstyrk úr landssjóði frá 1. desember f. á. að telja, þangað til hann er fullra 18 ára að aldri. **104** 11. júní.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega tjáð, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, jafnframt og þess skal getið, að landfógetanum hefir verið skrifað í dag hið nauðsynlega um greiðslu hins veitta styrks úr jarðabókarsjóði.

— *Ágrip af brjefi* landshöfðingja *til sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu um* lán til að kaupa kvennaskólahús. — Amtsráð norður- og austurumdæmisins hafði leyft sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu að taka 6000 kr. lán til þess að kaupa kvennaskólahúsið á Laugalandi með áhöldum og gögnum. Landshöfðingi tjáði sýslunefndinni með þessu brjefi að lán þetta gæti fengist; en leiddi um leið athygli nefndarinnar að því, að tjeð hús væri byggt á lóð, sem seljandi ekki ætti og að því virtist nauðsynlegt, að sýslunefndin fengi lóðina undir húsinu afhenta annaðhvort til eignar eða erfðafestu, og að sýslunefndin þar að auki þyrfti að sjá um, að húsið yrði tryggt gegn eldsvoða. **105** 29. júní.

— *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður og austurumdæminu um* vegabót á Vestdalsheiði. — Eptir að jeg með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, frá 10. f. m. hafði meðtekið nákvæmari skýrslur og áætlun yfir framkvæmd vegabóta þeirra, sem upp á hefir verið stungið á fjallveginum yfir Vestdalsheiði í Norðurmúlasýslu, samþykkist hjermeð að vegabótavinna þessi, sem gjört er ráð fyrir, að kosti alls 3000 kr., og sem ekki mun verða aflokið á skemmri tíma en 3 árum, megi byrja árið 1881. **106** 3. júlí.

Jafnframt því að tjá yður, herra amtmaður, þetta til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, vil jeg mælast til þess, að þjer leggið fyrir sýslumanninn í Norðurmúlasýslu, að hann gjöri nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að byrjað verði á verki þessu svo snemma, sem árstíminn leyfir 1881, og að því sje haldið áfram með þeim mannsafla, sem kringumstæðurnar leyfa, svo að því öllu geti orðið lokið á þrem árum eða í síðasta lagi árið 1883, ef alþingi veitir hið nauðsynlega fje til þess um árin 1882 og 1883. Gjöld þau, sem þurfa til framkvæmdar verki þessu árið 1881, veitast hjer með af fje því, sem til vegabóta er ætlað í 9. gr. C. 5. fjárlaganna.

— *Brjef* landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna um* eptirlaun prests. — Í hjálögðu brjefi, dagsettu í gær hefir síra Jón Bjarnason fyrir hönd föður síns, uppgjafarprests síra Bjarna Sveinssonar beiðzt úrskurðar míns um, hvort eptirlaun þau, sem nefndum uppgjafarpresti bera af Stafafellsprestakalli eiði framvegis eins og að undanförnu að greiðast honum af tekjum þessa prestakalls, eða þá úr landssjóði samkvæmt lögum 27. febr. þ.á. um eptirlaun presta, og er sagt, að prestur sá, er nú þjónar Stafafelli, haldi þessu fram. **107** 17 júlí.

Með því að ekki er fyrir hendi nein skýr yfirlýsing frá prestinum að Stafafelli um, að hann hafi í hyggju, samkvæmt hinum nefndu eptirlaunalögum, að skorast und-

Hinn 27. júlí 1880.